

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:

Jöfursbás 5 og 7 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 19. nóvember 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. nóvember 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 11. nóvember 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufuness vegna lóðanna nr. 5 og 7 við Jöfursbás, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að gætt sé jafnræðis þegar verið er að gera breytingar á skilmálum uppbyggingaraðila. Þetta á ekki síst við þá aðila sem hafa verið valdir að undangengnu vali eða fegurðarsamkeppni eins og dæmi eru um. Ekki eru í gildi ákveðnar reglur um breytingar á skilmálum eftir á, en dæmi eru um aukið byggingarmagn, stækkun lóða og ívilnanir varðandi kröfur og skilmála gagnvart einstökum aðilum. Réttara er að rýmka almennar reglur frekar en að koma með ívilnanir til einstakra aðila eftir á.

Helga Björk Laxdal
e.u.